

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/24****2021/EES/7/37****frá 13. janúar 2020**

um leyfi fyrir rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði og breytingu á skilyrðum fyrir notkun og sértækum kröfum um merkingu þess samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 frá 25. nóvember 2015 um nýfæði, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1852/2001 ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2015/2283 er kveðið á um að einungis sé heimilt að setja nýfæði, sem er leyft og fært á skrá Sambandsins, á markað í Sambandinu.
- 2) Samkvæmt 8. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 var framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 ⁽²⁾ um að koma á fót skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði samþykkt.
- 3) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 á framkvæmdastjórnin að leggja fram drög að framkvæmdargerð sem heimilar setningu nýfæðis á markað í Sambandinu og um uppfærslu á skrá Sambandsins.
- 4) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/827/EB ⁽³⁾ var leyft, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, að setja chia-fræ (*Salvia hispanica*) á markað í Sambandinu sem nýfæði til notkunar í brauðvörur.
- 5) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/50/ESB ⁽⁴⁾ var leyfð, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði til notkunar í fleiri matvælaflokka sem hér segir: bakaðar vörur, morgunkorn, aldin-, hnetu- og fræblöndur og forpökkuð chia-fræ sem slík.
- 6) Hinn 18. september 2015 gaf lögbært yfirvald á Írlandi út skriflega heimild ⁽⁵⁾, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 ⁽⁶⁾, fyrir rýmkun á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í fleiri matvælaflokka, þ.e. aldinsafa og drykkjarvörur úr aldin-/grænmetisblöndu.
- 7) Hinn 17. október 2017 gaf lögbært yfirvald í Austurríki út skriflega heimild ⁽⁷⁾, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, fyrir rýmkun á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í einn matvælaflokk til viðbótar, þ.e. smurálegg úr aldinum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2020 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 327, 11.12.2015, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2470 frá 20. desember 2017 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2283 um nýfæði (Stjútíð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 72).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/827/EB frá 13. október 2009 um leyfi til að setja chia-fræ (*Salvia hispanica*) á markað sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 294, 11.11.2009, bls. 14).

(4) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/50/ESB frá 22. janúar 2013 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stjútíð. ESB L 21, 24.1.2017, bls. 34).

(5) Bréf frá 18. september 2015 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/novel-food_authorisation_2015_auth-letter_chia-seeds_2_en.pdf).

(6) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 frá 27. janúar 1997 um ný matvæli og ný innihaldsefni í matvælum (Stjútíð. EB L 43, 14.2.1997, bls. 1).

(7) Bréf frá 17. október 2017 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/novel-food_authorisation_2017_auth-letter_chia-seeds_en.pdf).

- 8) Hinn 2. nóvember 2017 gaf lögbært yfirvald á Spáni út skriflega heimild ⁽⁸⁾, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, fyrir rýmkun á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í fleiri matvælaflokkum, þ.e. dauðhreinsaðar máltíðir, tilbúnar til neyslu, að stofni til úr korni, sýndarkorni og/eða belgjurtum.
- 9) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2354 ⁽⁹⁾ var veitt leyfi, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 258/97, til rýmkunar á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í einn matvælaflokk til viðbótar, þ.e. jógúrt.
- 10) Hinn 13. apríl 2017 lagði fyrirtækið Zentis GmbH 6 Co. KG beiðni, í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, fyrir lögbært yfirvald í Þýskalandi um að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*). Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til fleiri matvælaflokkum, þ.e. eftirréttir úr aldinum, blönduð aldin með kókosmjólk fyrir tvískipt ílát, ávaxtablöndur til að setja í botninn undir mjólkurvörur og ávaxtablöndur til að blanda í mjólkurvörur, og að auka hámarksnotkunarmagn chia-fræs (*Salvia hispanica*) í þegar leyfðan matvælaflokk, þ.e. smurálegg úr aldinum.
- 11) Hinn 12. september 2017 lagði fyrirtækið Sanchis Mira S.A. beiðni, í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97, fyrir lögbært yfirvald á Spáni um rýmkun á notkun nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*) í súkkulaði. Lögbært yfirvald á Spáni gaf út skýrslu um frummat 25. september 2017. Í þeirri skýrslu komst það að þeirri niðurstöðu að rýmkun á notkun og tillagt hámarksnotkunarmagn chia-fræs (*Salvia hispanica*) uppfylli þær viðmiðanir um nýfæði sem settar eru fram í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97.
- 12) Framkvæmdastjórnin framsendi skýrsluna um frummatið til hinna aðildarríkjanna 17. október 2017. Eitt aðildarríki hreyfði andmælum og dró heildaröryggi nýfæðisins í efa í ljósi mats sérfræðinganeftar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérþæðu, næringu og ofnæmi frá 2009 ⁽¹⁰⁾ vegna aukins magns chia-fræs (*Salvia hispanica*) sem er tekið inn með fæðu vegna vaxandi fjölda leyfðra notkunarleiða. Aðildarríkið sem hreyfði andmælum lagði áherslu á að þó að einstök notkun, þ.m.t. tillögð notkun í súkkulaði sem nemur 3%, geti verið örugg sé þörf á að meta heildarmagn sem er tekið inn með fæðu vegna allrar notkunar sem hefur verið leyfð síðan 2009, þ.m.t. fyrirliðgjandi beiðni um rýmkun á notkun, og, ef nauðsyn krefur, að endurskoða öryggismat sérfræðinganeftar Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérþæðu, næringu og ofnæmi frá 2009.
- 13) Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 skal fara með allar beiðnir um að setja nýfæði á markað innan Sambandsins, sem lagðar eru fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 og endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin um fyrir 1. janúar 2018, sem umsókn sem lögð er fram samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/2283.
- 14) Þó að beiðnir um að rýmka notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) hafi verið lögð fyrir aðildarríki í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 258/97 uppfylla umsóknirar einnig kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2015/2283.
- 15) Hinn 2. febrúar 2018 fór fyrirtækið Parry's Pots Limited (PPL) þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að hámarksnotkunarmagn chia-fræs (*Salvia hispanica*) yrði aukið í þegar leyfðum matvælaflokkum, þ.e. smurálegg úr aldinum.
- 16) Hinn 12. júní 2018 fór fyrirtækið Naturkost Übelhör GmbH & Co. KG þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til fleiri matvælaflokkum, þ.e. súkkulaði og súkkulaðivörur.

⁽⁸⁾ Bréf frá 2. nóvember 2017 (https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/novel-food_authorisation_2017_auth-letter_chia-seeds-ext-steri_en.pdf).

⁽⁹⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2354 frá 14. desember 2017 um leyfi fyrir rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýtt innihaldsefni í matvælum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 258/97 (Stj.útd. ESB L 336, 16.12.2017, bls. 49).

⁽¹⁰⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2009 7(4), 996.

- 17) Hinn 15. júní 2018 fór fyrirtækið Majami Sp.zo.o.Sp.k. þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til eins matvælaflokks til viðbótar, þ.e. sælgæti.
- 18) Hinn 16. júlí 2018 fór fyrirtækið The Chia Co þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til fleiri matvælaflokka sem hér segir: sælgæti, að undanskildu tyggigúmmí, mjólkurvörur og hliðstæður þeirra, ís til neyslu, afurðir úr aldinum og grænmeti, korn og kornafurðir, kaffibrauð, kryddjurtir, krydd, kryddblöndur, súpur og seyði, sósur, salöt og ósætt smurálegg og prótínafurðir, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis, matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert, óáfengir drykkir, kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl og eftirréttir.
- 19) Hinn 3. ágúst 2018 fór fyrirtækið Materne SAS þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til fleiri matvælaflokka, þ.e. mauk úr aldinum og/eða grænmeti og/eða með kornvörum.
- 20) Hinn 9. janúar 2019 fór fyrirtækið RFH Produktion AB þess á leit við framkvæmdastjórnina að fá að breyta skilyrðunum fyrir notkun á nýfæðinu chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Í umsókninni var farið fram á að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) yrði rýmkuð þannig að hún nái til eins matvælaflokks til viðbótar, þ.e. búðinga.
- 21) Í samræmi við 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og í ljósi vaxandi fjölda beiðna um leyfi fyrir rýmkun á notkun chia-fræs (*Salvia hispanica*), nýrrar leyfðrar notkunar á undanförunum árum og hugsanlegrar aukningar á innteknu magni chia-fræs (*Salvia hispanica*) með fæðu, sem af því leiðir, hafði framkvæmdastjórnin samráð við Matvælaöryggisstofnunina 16. júlí 2018 og bað hana um að framkvæma mat á fæðutengdum váhrifum í heild sinni vegna allrar hugsanlegrar rýmkunar á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sem nýfæði.
- 22) Hinn 14. mars 2019 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalega álitid „Safety of chia seeds (*Salvia hispanica* L.) as a novel food for extended uses pursuant to Regulation (EU) 2015/2283“⁽¹⁾. Álitid er í samræmi við kröfurnar í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283.
- 23) Í því áliti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu, í svari sínu við beiðni framkvæmdastjórnarinnar um almennt mat á öryggi án takmarkana eða varúðarráðstafana varðandi notkunarmagn, að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í matvæli sem þurfa ekki hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu, þ.m.t. súkkulaði, smurálegg úr aldinum, eftirréttir úr aldinum, blönduð aldin með kókósmjólk í tvískiptu íláti, ávaxtblöndur til að setja í botninn undir mjólkurvörur, ávaxtblöndur til að blanda í mjólkurvörur, sælgæti (að undanskildu tyggigúmmí), mjólkurvörur og hliðstæður þeirra, ís til neyslu, afurðir úr aldinum og grænmeti, óáfengir drykkir og mauk úr aldinum og/eða grænmeti og/eða með kornvörum, sé örugg án sértækra takmarkana og varúðarráðstafana varðandi notkunarmagn. Þess vegna eru tilgreindar nægar forsendur í þessu vísindalega áliti til að ákvarða að ofangreind notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) sé í samræmi við kröfurnar í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283. Því er rétt að breyta skilyrðunum fyrir notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*), eins og það er skráð í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, með því að bæta við öllum ofangreindum matvælaflokkum og fjarlægja fastsett hámarksgildi og samsvarandi sértæka kröfu um merkingu sem varðar daglega hámarksinntöku. Þó að notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í búðinga hafi ekki verið tiltekin sérstaklega í mati Matvælaöryggisstofnunarinnar eru að auki tilgreindar nægar forsendur í álitinu til að leyfa einnig rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í búðinga sem þurfa ekki hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu. Skilja ber „búðingar“ sem undirflokk vara, almennt þekktar sem eftirréttir, sem eru yfirleitt bragðbættar og sætar á bragðið.

⁽¹⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2019 17(4), 5657.

- 24) Í sama álitinu tók Matvælaöryggisstofnunin tillit til einnar rannsóknar, sem hún hafði sjálf aflað sér úr birtum vísindaskrifum sem eru aðgengileg öllum og sem voru ekki hluti af þeim gögnum sem umsækjendur lögðu fram til stuðnings tillagðri rýmkun á notkun á chia-fræi (*Salvia hispanica*), sem benti til að hugsanlega myndist akrýlamíð þegar chia-fræ (*Salvia hispanica*) er notað í matvæli sem þurfa hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu.
- 25) Í því álitinu taldi Matvælaöryggisstofnunin að viðbótarupplýsinga sé þörf frá umsækjendum og/eða frá almenningi til að fjalla um hugsanlega myndun akrýlamíðs þegar matvæli, sem innihalda chia-fræ (*Salvia hispanica*), eru hitameðhöndluð við eða yfir 120 °C. Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 óskaði Matvælaöryggisstofnunin eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi umsækjanda varðandi hugsanlega myndun vinnsluáðskotaefna sem geta myndast við vinnslu og framleiðslu matvæla (há framleiðanda) og/eða þegar matvæli með viðbættu chia-fræi (*Salvia hispanica*) eru elduð (hitameðhöndlun hjá neytanda). Fresturinn, sem var gefinn til framlagningar viðbótarupplýsinganna, rennur út í mars 2020. Þar eð slíkar upplýsingar voru ekki fyrir hendi í framlögðum umsóknum frestaði Matvælaöryggisstofnunin mati á því að rýmka notkunina á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í matvæli sem þurfa hitameðhöndlun við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu (kaffibrauð, korn og kornafurðir, kryddjurtir, krydd, kryddblöndur, súpur og seyði, sósur, salöt og ósætt smurálegg og prótínafurðir, þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis eins og það er skilgreint í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013⁽¹²⁾, matvæli með yfirlýsingum um að glúten sé ekki fyrir hendi eða skert í samræmi við kröfurnar í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014⁽¹³⁾, kryddaðir smáréttir, tilbúnir til átu, og nasl og eftirréttir) þangað til viðbótarupplýsingarnar verða tiltækar. Þar af leiðandi hefur framkvæmdastjórnin, á þessu stigi, ekki aðgang að álitinu Matvælaöryggisstofnunarinnar sem er nauðsynlegt, skv. a- og c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283, m.t.t. samþykkis fyrir rýmkun á notkun í tengslum við meðhöndlun á chia-fræi (*Salvia hispanica*) við eða yfir 120 °C. Þess vegna verður frekari ákvörðun varðandi slíka notkun tekin eftir birtingu viðkomandi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 26) Í álitinu Matvælaöryggisstofnunarinnar eru einnig tilgreindar tvær ferilskýrslur úr fyrirliggjandi birtum vísindaskrifum þar sem neysla á chia-fræi (*Salvia hispanica*) er tengd ofnæmisviðbrögðum og komist var að þeirri niðurstöðu, á grundvelli þessara sönnunargagna, að ofnæmisviðbrögð geti átt sér stað eftir neyslu á chia-fræi (*Salvia hispanica*). Að teknu tilliti til þess að hingað til hefur einungis verið tilkynnt um þessi tvö ofnæmistilvik og í ljósi útbreiddrar neyslu á chia-fræi (*Salvia hispanica*) og tilvistar þess á markaði í Sambandinu og á heimsmarkaði í fjölda ára telur framkvæmdastjórnin að ekki ætti að bæta við neinum sértækum kröfum um merkingar er varða hugsanleg ofnæmisviðbrögð eftir neyslu á chia-fræi (*Salvia hispanica*) í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði fyrr en Matvælaöryggisstofnunin hefur fengið og metið frekari rannsóknaniðurstöður um chia-fræ (*Salvia hispanica*) sem hugsanlegan ofnæmisvald.
- 27) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Færslunni í skrá Sambandsins yfir leyft nýfæði, eins og kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2015/2283 og kemur fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470, þar sem vísað er til nýfæðisins chia-fræ (*Salvia hispanica*), skal breytt eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
2. Færslan í skrá Sambandsins, sem um getur í 1. mgr., skal innihalda skilyrði fyrir notkun og kröfur um merkingu sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 (Stjtið. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35).

⁽¹³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 828/2014 frá 30. júlí 2014 um kröfur um miðlun upplýsinga til neytenda um að matvæli séu glútenlaus eða glútenkert (Stjtið. ESB L 228, 31.7.2014, bls. 5).

2. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir „Chia-fræ (*Salvia hispanica*)“ í töflu 1 (Leyft nýfæði) í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 kemur eftirfarandi:

Leyft nýfæði	Með hvaða skilyrðum er heimilt að nota nýfæðið		Sértækar viðbótarkröfur varðandi merkingu	Aðrar kröfur
„Chia-fræ (<i>Salvia hispanica</i>)“	<i>Tilgreindur matvælaflokkur</i>	<i>Hámarksgildi</i>	Heiti nýfæðisins, sem kemur fram á merkimiða matvæla sem innihalda það, skal vera „chia-fræ (<i>Salvia hispanica</i>)“	
	Brauðvörur	5% (heil eða möluð chia-fræ)		
	Bakaðar vörur	10% heil chia-fræ		
	Morgunkorn	10% heil chia-fræ		
	Dauðhreinsaðar máltíðir, tilbúnar til neyslu, að stofni til úr korni, sýndarkorni og/eða belgjurtum	5% heil chia-fræ		
	Aldin-, hnetu- og fræblöndur			
	Forpökkuð chia-fræ, sem slík			
	Sælgæti (þ.m.t. súkkulaði og súkkulaðivörur), að undanskildu tyggigúmmí			
	Mjólkurvörur (þ.m.t. jógúrt) og hliðstæður þeirra			
	Ís til neyslu			
	Afurðir úr aldinum og grænmeti (þ.m.t. smurálegg úr aldinum, ávaxtamauk með/án kornvara, ávaxtablöndur til að setja í botninn eða til að blanda í mjólkurvörur, eftirrættir úr aldinum, blönduð aldin með kókósmjólki fyrir tvískipt ílát)			
	Óáfengir drykkir (þ.m.t. aldinsafi og drykkjarvörur úr aldin-/grænmetisblöndu)			
Búðingar sem þarf ekki að hitameðhöndla við eða yfir 120 °C við framleiðslu, vinnslu eða tilreiðslu				